

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi, Hróarsholt 2.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. júlí 2011 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2006-2018 í fyrrum Villingaholtshreppi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Flóahrepps 16. mars 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 23. júní 2011.

Í breytingunni felst að 15 ha svæði fyrir frístundabyggð F1 er breytt í landbúnaðarsvæði. Fram kemur að fyrir eru á svæðinu 2 íbúðarhús.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 4. júlí 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 19. júlí 2011